

20. fundur samráðsnefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar að Aðalstræti 63, Patreksfirði,
miðvikudaginn 28. júlí 2010 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Ingimundur Óðinn Sverrisson (ÍÓS), Guðrún Eggertsdóttir (GE), Friðbjörg Matthíasdóttir (FM), Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir (EIS), Birna Benediktsdóttir.

Gestur fundarins: Björn Jóhannesson, hrl.

Fundargerð ritaði: Þórir Sveinsson, skrifstofustjóri.

Dagskrá:

Fundargerðir til kynningar

1. **1005009F – Samráðsnefnd – fundargerð 19. fundar.**
Lögð fram fundargerð Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps frá 19. fundi 17. maí 2010.

Almenn erindi.

2. **1007084 – Kjör formanns og varaformanns. Stjórn og fundarsköp samráðsnefndar.**
Lögð var fram tillaga að Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð verði formaður samráðsnefndar og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafjarðarhreppi varaformaður.
Tillagan samþykkt samhljóða.
3. **0909119 – Sorpmál Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.**
Lagður fram úrskurður kærunefndar útboðsmála í máli nr. 10/2010; Íslenska gámafélagið ehf gegn Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Í úrskurðarorði kemur fram að val á frávikstilboði Gámaþjónustunnar nr. 1 í útboðinu "Sorphirða í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi" er felld úr gildi. Björn Jóhannesson, hrl. gerði grein fyrir málavöxtum, rakti sögu málsins og lagði fram minnisblað um niðurstöðu kærunefndar.
Samráðsnefnd felur Birni Jóhannessyni að gera uppkast af bréfi til tilboðgjafa.
4. **100783 – Skipan í stjórn Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjóti.**
Lögð fram tillaga um að stjórn Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjótiskipi skipi sem fulltrúi Vesturbyggðar Magnús Ólafsson, fulltrúi Tálknafjarðarhrepps Björgvin Sigurjónsson og fulltrúi niðja Egils Ólafssonar Egill Ólafsson.
Tillagan samþykkt samhljóða.
5. **1005061 – Íbúð við Aðalstræti 90.**
Vísað er í 2. tölul. 19. fundar Samráðsnefndar um viðhald á fasteigninni Aðalstræti 90. Óskað er viðbótarframlags að upphæð 1,5 millj.kr. vegna aukins kostnaðar við framkvæmdirnar.
Samráðsnefnd samþykkir heimild til Styrktarsjóðsins um viðbótarframlag að upphæð 1,5 millj. kr. til framkvæmda við Aðalstræti 90.

20. fundur samráðsnefnd
28. júlí 2010

6. **Önnur mál.**
Engin önnur mál lágu fyrir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.50.